



Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. nóvember 2018

R2018110006/12.8.4

Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum - 212 mál, þskj. 224

Ríkisskattstjóri hefur þann 25. október 2018 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp. Í frumvarpinu er lagt til að Þjóðskrá Íslands verði „heimill aðgangur að skattframtölum og fylgigögnum þeirra, svo sem leigusamningum, til að sannreyna upplýsingar um fasteignir eða afla þeirra, þ.m.t. varðandi þá þætti sem lúta að ákvörðun matsverðs fasteigna.“

Forsendur ákvæðisins eru m.a. tilgreindar þessar:

„Embætti ríkisskattstjóra berast leigusamningar á grundvelli reglugerðar nr. 577/1989 sem heimilar lögaðilum að fá endurgreiddan virðisaukaskatt af byggingu og endurbótum húsnæðis. Því er lagt til að Þjóðskrá Íslands verði veittur aðgangur að upplýsingum úr skattframtölum og þeim leigusamningum sem ríkisskattstjóri hefur í vörslu sinni. Gögnin yrðu ávallt vistuð hjá ríkisskattstjóra en nálgast mætti upplýsingar úr leigusamningum með skönnun þeirra og skráningu upplýsinga í leiguverðsskrá.“

Af ofangreindu tilefni vill ríkisskattstjóri taka fram:

Ríkisskattstjóri telur að þær heimildir sem veittar yrðu Þjóðskrá samkvæmt tilvitnuðu orðalagi umrædds ákvæðis séu langt umfram tilefni. Þannig verður ekki séð hvernig það kunni að þjóna framkvæmd laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, að Þjóðskrá verði veittur ótakmarkaður aðgangur að skattframtölum og fylgigögnum þeirra, ef þörfin einskorðast við upplýsingar úr tilteknum leigusamningum. Í þessu samhengi er jafnframt vert að nefna að greindir leigusamningar berast yfirhöfuð ekki með framtalsskilum, hvorki sem upplýsingar á framtali né á formi fylgigagna skattframtals. Ákvæðið er þannig mjög vítt og afdráttarlaust sem slíkt og því ákaflega óheppilegt þar sem það veitir Þjóðskrá að tilefnislausu mjög víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar úr skattframtölum og fylgigögnum þeirra án þess að tekið sé tillit til þagnarskyldu ríkisskattstjóra sem slíkri fyrirsögn yrði beint að. Ríkisskattstjóri bendir á að tilgangur gagnasöfnunar embættisins, sem er ein umfangsmesta gagnasöfnun á landinu, er að tryggja rétta álagningu opinberra gjalda og annarra skatta sem ríkisskattstjóra er falið að leggja á. Blasir við að ekki verður jafnað saman þeim forsendum sem hvíla að baki gagnaöflunar til grundvallar tekjuöflun ríkisins og þeirra upplýsinga um leigusamninga sem Þjóðskrá kynni að telja nauðsynlegar við framkvæmd þess verkefnis síns sem tíundað er í athugasemdum með frumvarpinu. Gögn sem afhent eru ríkisskattstjóra í þessum tilvikum eru háð ríkri þagnarskyldu, sbr. m.a. 117. gr. tekjuskattslaga þar sem segir eftirfarandi:

„Ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Hið sama gildir um þá er veita þessum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á

annan hátt fjalla um skattframtöl. Þagnarskyldan helst þótt menn þessir láti af störfum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gefa Hagstofu Íslands skýrslur, í því formi er Hagstofa Íslands ákveður, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð hennar. Þá er skattyfirvöldum heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.“

Ríkisskattstjóri áréttar að ef texti fyrirhugaðs ákvæðis yrði ekki sniðinn að þeim afmörkuðu þörfum sem um ræðir þá yrði um að ræða óheftan aðgang að upplýsingum úr mesta rauntíma gagnasafni landsins. Gögn þessi hafa verið afhent ríkisskattstjóra í trúnaði og í þeim tilgangi að tryggja rétta skattlagningu og virðist í ákvæðinu ekki gerður greinamunur á aðgangi að gagnasafninu í heild og tilfallandi aðgangi að leigusamningum, s.s. þeirra sem afhentir eru á grundvelli tilvitnaðarar reglugerðar nr. 577/1989, um frjálssa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign, en þar segir í 4. gr. um skilyrði frjálstrar skráningar:

„Sá sem í atvinnuskyni leigir fasteign eða hluta fasteignar til skattskylds aðila samkvæmt lögum nr. 50/1988 getur sótt um frjálssa skráningu til skattstjóra.

Í umsókn um frjálssa skráningu skal tilgreina þá fasteign eða hluta fasteignar sem skráningunni er ætlað að taka til. Eftirtalin gögn skulu fylgja umsókn:

- 1. Fullgildur leigusamningur.*
- 2. Samþykki leigutaka fyrir frjálssri skráningu leigusala.*


Frjálss skráning getur ekki tekið til húsnæðis sem notað er að öllu leyti eða hluta sem íbúðarhúsnæði.“

Í ljósi þess að ætla verður að markmiðið með fyrirhugaðri upplýsingaskyldu ríkisskattstjóra sé einvörðungu að veita Þjóðskrá aðgang að þeim leigusamningum sem fylgja skulu umsókn um frjálssa skráningu, þá verður að telja heimild þá sem lagt er upp með í frumvarpinu langt um skör fram, og mun víðfeðmari en þörf krefur til að fanga þann afmarkaða þátt virðisaukaskattsframkvæmdar sem hér um ræðir.


Þá gerir ríkisskattstjóri alvarlegar athugasemdir við að ekki sé gert ráð fyrir að vinnsla og afhending gagnanna, sem ekki berast á stafrænu formi, verði gegn sérstöku endurgjaldi af hálfu Þjóðskár, þar sem fjárveitingar til embættisins eru með skattframkvæmd að meginmarkmiði en ekki til að mæta tilfallandi þörfum einstakra aðila um óskyld og fjárfrek viðvik.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J Rögnvaldsson



Helga Valborg Steinarsdóttir